

Fasteignafélagið Þórkatla hf.

Fundargerð 77. stjórnarfundar 8. maí, 2026 kl. 11:00 – 12:30.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Andri Elvar Guðmundsson hjá Ríkisendurskoðun sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá fundar:

1. Ársreikningur 2025

Andri Elvar kom á fundinn. Hann fór yfir og kynnti endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar. Í henni kemur m.a. fram að áritun er án fyrirvara en ábending er um þá óvissu sem tengist gangvirðismati fjárfestingareigna. Framkvæmdastjóri lagði fram til samþykktar ársreikning 2025. Eftir kynningu og yfirferð hans á samningum var hann samþykktur af stjórn.

2. Fundargerðir

Fundargerðir 75. og 76. fundar samþykktar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Undir þessum lið fór framkvæmdastjóri yfir stöðu ýmissa verkefna. Niðurrif húsa standa yfir í Grindavík og frekari örútboð vegna þeirra í undirbúningi. Félaginu hafa verið birtar tvær stefnur í dómsmálum en þar fyrir utan eru nokkur önnur ágreiningsmál til skoðunar. Þá fór hann yfir helstu atriði í rekstri félagsins í mars. Hann sagði frá því að athugasemdir hefðu borist frá Grindvíkingum vegna þess að félagið hefur tímabundið stöðvað gerð nýrra gistiviðauka við hollvínasamninga. Ýmis atriði voru rædd varðandi hollvínasamninga og gistiviðauka og farið yfir reynsluna af þeim. Loks sagði hann frá kröfuhafafundi sem haldinn var 6. maí.

4. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:35

Guðrún Þorleifsdóttir
Óskar Józefsson
Örn Viðar Skúlason